



Árnesi, 7 janúar, 2021

## 12. Skólanefndarfundur Leikskólamálefni

### Fundargerð

#### Fundur í Skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps, Leikskólamá

**Haldinn í húsi bókasafns í Brautarholti fimmtudaginn 7. janúar 2021 klukkan 17:00.**

**Mætt til fundar:** Skólanefnd: Einar Bjarnason, Ingvar Þrándarson og Anna María Flygenring, Ástráður Unnar Sigurðsson og Helga Úlfarsdóttir. varamaður í stað Önnu Ásmundsdóttur. Starfsfólk leikskóla: Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri, Haukur Vatnar Viðarsson, Oddný Steinþórsdóttir og Helga Guðlaugsdóttir. Fulltrúar foreldra: Andrea Snæbjörnsdóttir og Lórey Rafnsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason oddviti og Kristófer Tómasson Sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Hrafnhildur Karlsdóttir frá skóla- og velferðarþjónustu sat hluta fundarins

### Dagskrá:

#### 1. Húsnæðismál Leikskóla vegna myglu.

Boðað var til fundarins af því tilefni að mygla greindist í húsnæði leikskólans skömmu fyrir nýliðin jól. Formaður skólanefnar setti fundinn og gaf sveitarstjóra orðið.

Sveitarstjóri sagði frá stöðu mála. Tekin voru myglusýni í lok nóvember 2020.

Greining á myglu lá fyrir um miðjan desember sl. Greining leiddi í ljós að mygla er til staðar í suðasatur hluta hússins á neðri hæð. Nánar tiltekið þar sem er eldri matsalur, eldhús, kvenfélagsrými og ljósleiðaraberg og fleiri rými. Í framhaldi af greiningu hófst verktaki handa við jarðvegsskipti utan við húsnæðið. Á fyrsta virka degi ársins 2021 hóf verktaki viðgerð á þaki í millibyggingu, en slæmt ástand á þakdúk á því svæði hefur orsakað myglu. Miðvikudaginn 6. Janúar voru tekin fleiri sýni úr byggingunni sem send verða til rannsóknar.

Sveitarstjóri var spurður um kostnað við viðgerð hússins af þessum orsökum. Hann kvaðst ekki geta svarað því að svo stöddu. En ljóst væri að þar væri um margar milljónir að ræða.

Átta starfsmenn hafa látið vita af óþægindum í öndunarferum. Að þeirra mati getur það tengst myglu í húsnæðinu. Sveitarstjóri greindi frá því að Starfsfólk hefði verið hvatt til að láta lækni líta á sig ef slíkt tilefni er til.

Að mati sveitarstjóra, leikskólastjóra og oddviti er ekki um annað að ræða en rýma húsnæði leikskólans og flytja starfsemina annað tímabundið. Nokkrir kostir eru til skoðunar. Haft var samband við umráðamenn Hótel Heklu á Brjánsstöðum og húsnæði þar skoðað það stendur til boða að fara þangað með starfsemina. Mögulegt er að flytja starfsemina í félagsheimilið Árnes. Ef til vill yrði þá allt húsið lagt undir leikskólann að undaskildu elhúsi og kjallara. Til greina kemur að flytja leikskólastarfsemina í bókasafnhúsið og bæta við það færanlegum skrifstofugámum. Leikskólastjóri, Sveitarstjóri og aðrir fundarmen sögðu þann kost vera nokkuð álitlegan í stöðunni. Leikskólastjóri greindi frá því að hún hefði átt samtöl við starfsmenn fyrirtækisins Terra um leigu á gámum og tilehryandi kjör.



Spurt var um hvað langan tíma tæki að hreinsa mygluna úr húsnæðinu og hvenær mætti ætla að hægt verði að flytja starfsemi leikskólans í það á ný. Líklegt er að það taki þrjá til fjóra mánuði. Ekki óeðlilegt í ljósi aðstæðna að það um mánaðamótin apríl maí megi reikna með að flutt verði inn í húsnæðið á ný.

Sveitarstjóri sagði ekki líklegt að tryggingafélög eða sjóðir myndu bæta það tjón sem muni hljótask af myglunni.

Allmiklar umræður um um málið og lagði formaður skólanefndar áherslu á að skólanefnd yrði haldið upplýstri um gang mála.

2. Þegar um 10 til 15 mínútur voru liðnar af fundinum yfirlagð Hrafnhildur Karlsdóttir fundinn af þeim ástæðum að henni þætti óþægilegt að sitja fund þar sem of margir einstaklingar sætu með tilliti til sóttvarnarlaga.

Fundi slitið kl 18:05

Kristófer Tómasson